

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júní 1998.*

F. h. r.

**Björn Sigurbjörnsson.**

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

**um breyting á reglum nr. 117/1998 um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja.**

7. ml. í tl. 1.4 orðast svo:

Við útreikning skal miða við sölu í 4 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vörflokksins á sama tímabili í þeim verslunum ÁTVR sem hafa viðkomandi vöru í reynslusölu að frátalinni sölu í sérflokkki, mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. rg. 205/1998.

5. mgr. í tl. 1.5 fellur niður.

2. ml. í tl. 1.9 orðast svo:

Tölurnar eru yfir samanlagða sölu í þeim vínbúðum, sem hafa allar tegundir í kjarna, að frátalinni sölu vöru í sérflokkki, mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. rg. 205/1998.

Tl. 2.3 orðast svo:

Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim, sem tilboð gaf, niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, tilkynnir innkaupastjóri birgi hvenær reynslusala eigi að hefjast og gengur frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefist. Takist samningur eigi fyrir þau mörk vegna tómlætis birgis, fellur tilboð hans af tilboðsskrá.

Tl. 3.3 fellur niður.

Tl. 3.4 verður tl. 3.3.

Tl. 4.10 orðast svo:

Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna á heild-söluverði að frádregnu áfengisgjaldi reynslutímans. ÁTVR greiðir eiganda mánaðarlega innkaupsverð seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans og endurgreiða ÁTVR áfengisgjald sem ÁTVR greiddi af þeirri vöru. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Reglur þessar gilda eftir því sem við á um vörur í mánaðarflokki.

Tl. 4.11 orðast svo:

Í samningi skal tilgreina, hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram. Jafnan skal staðfesta pöntun innan 9 daga. Með staðfestingu fylgi upplýsingar um afhendingartíma. Berist ekki staðfesting eða upplýsingar um afhendingu vöru innan 30 daga frá pöntun fellur samningur um kaup vörunnar úr gildi. Skeiki meiru en 30 dögum, að afhending vöru sé í samræmi við upplýsingar, fellur samningurinn úr gildi.

Tl. 4.12 fellur niður.

Tl. 4.13 verður 4.12.

Tl. 4.14 verður 4.13.

### *Ákvæði til bráðabirgða.*

#### I

Birgjar geta breytt verði á áfengi öðru en bjór 1. júlí 1998. Tilkynning um nýtt verð þarf að berast ÁTVR eigi síðar en kl. 17.00, 19. júní 1998.

#### II

Ákvæði í tl. 2.3 um tómlæti birgis taka til þeirra birgja, er lagt hafa inn tilboð fyrir gildistöku reglna þessara, þó ekki fyrr en að liðnum 4 vikum frá birtingu þeirra. Hið sama skal gilda um ákv. síðasta málsliðar töluliðar 4.11.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 9. júní 1998.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Sigurður M. Magnússon

Árni Tómasson

Dögg Pálsdóttir

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast framangreindar breytingar á reglum nr. 117/1998, um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja, hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. júní 1998.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Bergþór Magnússon.*